

SIÐAREGLUR

kjörinna fulltrúa í Djúpavogshreppi

1. gr.

Markmið.

Markmið þessara reglna er að skilgreina það háttarni og viðmót sem ætlast er til að kjörnir fulltrúar sýni af sér við störf sín fyrir hönd Djúpavogshrepps. Reglurnar ná til kjörinna sveitarstjórnarfulltrúa og annarra sem kjörnir eru til setu í nefndum og ráðum Djúpavogshrepps.

2. gr.

Starfsskyldur kjörinna fulltrúa

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum fylgja lögum, reglum og samþykktum Djúpavogshrepps, sem og sannfæringu sinni. Þeim ber að starfa fyrst og fremst í þágu íbúanna og ber því að setja almannahagsmunum ofar sérhagsmunum, hvort heldur er sínum eigin annarra einstaklinga eða einstakra hópa. Þeim ber að hafa í heiðri ítrustu kröfur um ráðvendni, heiðarleika og réttlæti í störfum sínum í þágu sveitarfélagsins.

Kjörnir fulltrúar hafa ávallt í heiðri grundvallarreglur góðrar stjórnáætlunar í störfum sínum, þ.m.t. gagnsæja og upplýsta ákvarðanatöku, og framkvæma ekkert það sem er til þess fallið að vekja grunsemdir um að annað en lögmæt og málefnaleg sjónarmið ráði för við stjórn Djúpavogshrepps.

3. gr.

Valdmörk.

Kjörnir fulltrúar gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virða verkaskiptingu í stjórnkerfi Djúpavogshrepps. Þeir sýna störfum og réttindum annarra kjörinna fulltrúa og starfsmanna Djúpavogshrepps virðingu.

4. gr.

Hagsmunaárekstrar.

Kjörnir fulltrúar nýta sér ekki stöðu sína í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra sem eru þeim tengdir, hvort sem ávinningur af slíku kemur fram strax eða síðar, þ.m.t. eftir að störfum fyrir Djúpavogshrepp lýkur.

Kjörnir fulltrúar skulu forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum. Um hæfi þeirra við meðferð einstakra mála fer eftir 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

5. gr.

Ábyrgð á fjármálum

Kjörnum fulltrúum ber að virða fjárhagsáætlun og grundvallarreglur um fjármálastjórnun til að tryggja réttmæta og ábyrga meðferð á almannafé. Við störf sín skulu kjörnir fulltrúar ekki aðhafast neitt sem getur falið í sér misnotkun á almannafé.

6. gr.

Gjafir og friðindi.

Kjörnum fulltrúum er óheimilt að þiggja greiðslur, gjafir eða önnur hlunnindi frá viðskiptamönnum ef túlka má það sem endurgjald fyrir greiða.

